

Sumarleikskóli leikskóla Hafnarfjarðar rekinn í Skarðshlíðarleikskóla vikuna 13.-17. júlí 2026

Skýrsla um hvernig sumaropnun í Skarðshlíðarleikskóla 2026 gekk fyrir sig.
Skrifuð af Berglindi, leikskólastjóra.

Upphaflega skráðu fimm leikskólar börn í mætingu en einn skóli dró skráninguna til baka. Því komu 9 börn frá þremur leikskólum alla dagana en 2 börn til viðbótar mættu einungis fimmtudaginn 16. júlí. Hver af þessum fjórum leikskólum sendi einn starfsmann. Öll börn voru mætt skv. sínum vistunartíma heilt yfir nema hjá tveimur systkinum sem voru að mæta frá kl. 09:00 til 11:00 en þau eru með vistunartíma frá kl. 08:00. Eitt barn sem átti að mæta þann 17.07. mætti ekki. Tveir starfsmenn Skarðshlíðarleikskóla sáu um að opna alla vikuna, leikskólastjóri sá um lokun.

Starfsfólk undi sér vel, var jákvætt, duglegt og tók frumkvæði. Farið var í vettvangsferðir, ásamt útiveru á leikskólalóð og frjálsum leik inni á deild. Nýttu þau sér einnig íþróttasalinn í grunnskólanum.

Börnunum leið almennt vel. Nokkur áttu erfitt með að kveðja foreldri og greip ég þá inn í. Tvö til þrjú börn sóttu mikið í öryggi síns starfsmanns og fóru ekki frá honum.

Foreldrar tjáðu sig ekkert um líðan barna sinna eða leikskólann. Þeir fengu allir póst um dagskipulagið og fleira en ekkert af þeim svaraði póstinum til baka. Því bárust engin viðbrögð frá þeim beint til leikskólastjóra.

Matarstund framleiddi matinn yfir vikuna og sendi ég þeim upplýsingar um fjölda barna og starfsmanna. Að auki fékk ég upplýsingar frá leikskólum barnanna hvort þau eða starfsfólk þess þyrfti sérfæði en enginn þurfti þess.

Opnun/lokun

Leikskólinn var opin frá kl. 07:30 – 16:00

Mæting barnanna var góð en nokkur nýttu ekki skráðan dvalartíma. Síðustu tvo dagana voru börnin farin á bilinu 14:30 – 15:45.

Lokaorð

Leikskólastarfið gekk vel en ég vona svo sannarlega að fræðsluyfirvöld Hafnarfjarðar íhugi hvort þetta fyrirkomulag sé forsvaranlegt í framtíðinni. Það væri áhugavert að fá tölulegar upplýsingar um hver kostnaður sumarskóla síðustu ára hafa verið.

Bestu kveðjur

Berglind Kristjánsdóttir, leikskólastjóri

Fylgiskjöl:

Bréf til forráðamanna sumarskóla 2026

Upplýsingar fyrir starfsfólk

Samansafn upplýsinga fyrir sumarskóla